

2018-2019

Klifurveggur Heilsuleikskólinn Holtakot



Ragnildur Skúladóttir,
Elva D. Kristjánsdóttir,
Hildur Einarsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Með því að setja upp klifurvegg í sal leikskólans erum við að bæta við hreyfingu barnanna í leikskólanum. Holtakot er Heilsuleikskóli og leggjum við mikið upp úr hreyfingu í leikskólanum bæði innan veggja leikskólans og utan. Klifur er tækni sem þjálfar liðleika, útsjónarsemi, kjark, þor, einbeitingu, styrk og samhæfingu augna, handa og fóta.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis

Hugmyndin kviknaði í upphafi eftir að leikskólastjóri frétti af því að búið væri að setja upp klifurvegg á leikskóla á Akranesi þar sem starfsmaður leikskólans, sem einnig er klifurkennari setti upp klifurvegg fyrir börnin. Við fórum þá á fullt að skoða kostnað við að setja upp slíkan vegg og sækja um í Þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ.

Við fréttum svo af því að búið væri að setja upp klifurvegg á Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi og höfðum við samband við Írisi Ósk Kjartansdóttur ípróttufræðing sem deildi því með okkur hvernig þetta var gert þar og hver kostnaðurinn var við það. Einnig fengum við að kíkja í heimsókn á Urðarhól og skoða vegginn.

Þegar lá svo fyrir að við fengjum styrk fyrir verkefninu var hafist handa við enn frekari rannsóknarvinnu um hvernig best væri að gera þetta, hversu stór veggurinn ætti að vera ofl. Við fengum ábendingu frá foreldri á leikskólanum um að hafa samband við Elmar Orra Gunnarsson klifurkennara hjá Klifurhúsinu sem aðstoðaði okkur við uppsetningu á veggnum. Fyrsti fundur með Elvari Orra var 30. Ágúst en þann fund sat einnig Steindór Benediktsson, smiður hjá Garðabæ. Á þessum fundi var farið yfir það hvernig veggurinn yrði uppbyggður og hvað þyrfti að gera áður en hægt væri að setja klifurgrip á vegginn. Fljótlega komu svo smiðir frá Garðabæ með allt efni sem til þurfti og smíðuðu vegginn og festu hann lauslega upp.

Þann 5. september voru klifurgrip pöntuð af vefsíðunni <https://www.climb-holds.com/>, með aðstoð Elmars Orra og komu þau á Holtakot viku seinna. Elmar kom svo aftur til þess að teikna upp leiðirnar fyrir gripin. Smiður hjá Garðabæ kom svo og boraði fyrir þeim og festi vegginn lauslega.

Andrés Jóhann Snorrason málari gaf okkur tíma og efni og sá um undirvinnuna, s.s. sparsl, og grunnmálningu og lakkið yfir í lokinn. Við ásamt málaranum höfðum síðan samband við Slippfélagið sem gaf okkur málningu sem notuð var til þess að mála vegginn, en Lila Maria Hilmarsson, starfsmaður á Holtakoti sá um að hanna myndina á vegginn og mála hana. Þann 17. Október kom svo Elmar Orri til okkar í síðasta skipti til þess að festa gripin í vegginn.

Þegar veggurinn var kominn upp og orðinn tilbúinn var ekkert eftir nema að fá öryggisdýnu undir vegginn. Ragnhildur Skúladóttir leikskólastjóri mældi út fyrir dýnu eftir ráðleggingum frá klifurkennaranum, en dýnan var svo pöntuð hjá Vouge og var hún send heim að dyrum á Holtakoti mánudaginn 5. Nóvember.

Börnin á Hliði og Tröð fengu að prufa vegginn áður en hann var formlega opnaður og fannst það mjög spennandi.

Formleg opnun á veggnum var á opnu húsi 28. nóvember á aðventukaffi fyrir foreldra þar sem Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, klippti á borðann við hátíðlega athöfn og klifraði svo að sjálfsögðu sjálfur upp.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Upphaflega var ætlunin að fá aðstoð hjá klifurkennara sem setti upp vegginn á leikskólum á Akranesi en þar sem ekki náðist í hann urðum við að leita annarra leiða. Við ákváðum að prufa að spyrja foreldra hvort einhver þekkti eitthvað til klifurveggja eða einhvern sem vissi eitthvað meira en við og komumst þá í samband við Elmar Orra klifurþjálfara hjá Klifurhúsinu sem var okkur innan handar og aðstoðaði okkur með það sem til þurfti.

Ætlunin var að fá vegginn upp og í notkun í byrjun september en vegna anna hjá smiðum hjá Garðabæ, sem sáu um að setja upp grind fyrir vegginn og festu svo vegginn upp fyrir okkur og vegna undirmönnunar á leikskólanum, tafðist verkefnið fram í október, en jafnframt gekk verkefnið mun hraðar en við áttum von á.

Mat á verkefninu

Verkefnið var skemmtilegt og spennandi í uppsetningu og starfsfólki, börnum og foreldrum, þótti mjög gaman að fylgjast með þróun þess.

Þegar veggurinn var svo kominn upp og börnin fengu að prufa hann voru þau ótrúlega dugleg að tileinka sér hvernig á að klifra í veggnum. Börnin voru að sjálfsögðu misdugleg að klifra bæði eftir aldri og getu, sum voru frekar órugg þegar þau byrjuðu, t.d. lofthrædd eða einfaldlega mjög ung og byrjuðu bara á að klifra upp í fyrsta fótstig, en hafa fikrað sig lengra upp vegginn eftir því sem hefur liðið á. Strax frá því í lok nóvember þegar veggurinn var tekinn í notkun og þar til í byrjun janúar var hægt að sjá framfarir hjá börnunum. Barn sem fór einungis upp eitt grip var farið að klifra alla leið upp á stystu leiðunum án vandræða. Elstu börnin og þau sem eru frökkust voru ekki einungis farin að geta klifrað alla leið upp á lengstu leiðunum heldur einnig að klifra á milli leiða þvert yfir vegginn.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks 580.000 kr

Laun klifurkennara	40.000 kr
Klifurgrip	122.366 kr
Öryggisdýna	255.304 kr

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Afrakstur verkefnisins er að geta boðið börnum leikskólans upp á fjölbreyttari hreyfingu á leikskólatíma en áður og kynnt þau fyrir hreyfingu á annan hátt en við höfum getað áður.

Okkar ávinningur er að hafa þennan möguleika fyrir börnin að geta boðið upp á klifur sem hluta af hreyfingu sem þjálfar marga mismunandi þætti hjá börnum. Gaman er að geta verið fyrsti leikskólinn í Garðabæ sem er með slíkan vegg á leikskólanum. Ekki er síðan verra ef

Þetta kveikir í einhverjum börnum að fara að stunda klifur. Með þessu erum við að kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu og vonandi auka áhuga þeirra á íþróttaiðkun í framtíðinni.

Við höfum sent frá okkur grein í Garðapóstinn til þess að vekja athygli á verkefninu, ásamt því að grein um opnun á klifurvegnum birtist á heimasíðu Garðabæjar. Á menntadegi Garðabæjar þar sem haldnar eru málstofur fyrir leik- og grunnskóla bæjarins verður verkefnið kynnt.